

Borholur í Reykhólahreppi (4502)



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/014

Mái 2013

Inngangur

Dagana 8.-10. og 14. september 2012 voru leitaðar uppi allar borholur í Reykhólahreppi hinum forna. Þar eru 39 borholur og fundust allar nema þrjár. Í þessari greinargerð eru staðsetningar og ljósmyndir af þeim öllum. Í 1. töflu eru upplýsingar um holurnar.


1. tafla. Borholur í Reykhólahreppi hinum forna.

Staðarn r.	Holunr.	Lögbýli	Dýpi m	Borár	N-hnit	V-hnit
35751	MT-01	Mýrartunga	42	1991	65° 30.828	21° 59.504
35752	MT-02	Mýrartunga	250	2008	65° 30.771	22° 00.486
35753	MT-03	Mýrartunga	70	2009	65° 31.089	22° 01.107
35754	MT-04	Mýrartunga	126	2011	65° 30.712	22° 00.409
35755	MT-05	Mýrartunga	430	2012	65° 30.780	22° 00.434
35761	KF-01	Klukkufell	42	1991	65° 32.068	22° 02.866
35891	HH-01	Hafrafell		2009	65° 31.363	22° 04.233
35892	HH-02	Hafrafell	42	2009	65° 30.690	22° 04.170
35893	HH-03	Hafrafell	69	2013		
35821	BO-01	Borg	30	1991	65° 29.341	22° 01.500
35791	SS-01	Skáldstaðir	42	1991	65° 32.210	22° 06.420
35841	BJ-01	Berufjörður	33	1991	65° 33.366	22° 06.041
35842	BJ-02	Berufjörður	162	2009		
36201	SK-01	Skógar		2009	65° 36.281	22° 04.561
35801	KS-01	Kinnarstaðir	42	1991	65° 33.768	22° 08.694
35802	KS-02	Kinnarstaðir	73		65° 33.509	22° 08.279
35803	KS-03	Kinnarstaðir	70	2010	65° 33.489	22° 07.987
35831	HO-01	Hofstaðir	43	1991	65° 32.486	22° 10.113
35832	HO-02	Hofstaðir	50	2008	65° 32.950	22° 09.579
35833	HO-03	Hofstaðir	50	2008	65° 32.444	22° 10.176

35834	HO-04	Hofstaðir	50	2008	65° 32.422	22° 10.215
35835	HO-05	Hofstaðir	50,5	2008	65° 32.601	22° 10.015
35836	HO-06	Hofstaðir	50	2008	65° 33.362	22° 07.142
35837	HO-07	Hofstaðir	303	2011	65° 32.433	22° 10.128
35871	HL-01	Hlíð	23	2008	65° 32.007	22° 11.306
35872	HL-02	Hlíð	50	2008	65° 32.005	22° 11.300
35873	HL-03	Hlíð	50	2008	65° 32.374	22° 10.284
35874	HL-04	Hlíð	50	2008		
35881	HY-01	Hyrningsstaðir	126	2009	65° 31.935	22° 07.747
35731	RH-01	Reykhólar	186,5	1953	65° 27.260	22° 11.879
35732	RH-02	Reykhólar	413	1967	65° 26.697	22° 12.378
35733	RH-03	Reykhólar	31	1967	65° 26.775	22° 12.090
35734	RH-04	Reykhólar	1070	1974/1978	65° 26.814	22° 12.281
35735	RH-05	Reykhólar	948,5	1974/1978	65° 26.748	22° 12.112
35736	RH-06	Reykhólar	1019	1978	65° 26.759	22° 12.406
35737	RH-07	Reykhólar	550	1993	65° 27.263	22° 11.876
35738	RH-08	Reykhólar	102	2009	65° 26.935	22° 12.725
35781	GR-01	Grund	42	1991	65° 27.426	22° 12.522
35771	HS-01	Höllustaðir	38	1991	65° 27.269	22° 13.606
35772	HS-02	Höllustaðir	18	1991	65° 27.269	22° 13.606
40901	TFH-01	Kollabúðir	50	1958/1959	65° 41.471	22° 04.840

Mýrartunga

Í landi Mýrartungu eru fimm borholur (1. mynd).



1. mynd. Staðsetning borholna í landi Mýrartungu.

MT-01 - Mýrartunga

Borholan er í vestari bakka Bæjardalsár um 470 metrum neðan við þjóðveginn en um 120 metrum austan við heimreiðina að Mýrartungu. Hún er alveg í vatnsborðinu. Þar þrengist árfarvegurinn og myndast gil fyrir neðan. Holan er hattlaus og er fóðurrörið allmikið ryðgað. (2. mynd)



2. mynd. Borhola MT-01 í Mýrartungu.

MT-02 - Mýrartunga

Borhola MT-02 er suðvestan undir bæjarhólnum í Mýrartungu og er þar í litlu dragi. Yfir hana hefir verið reistur skúr og þar er dæla sem dælir vatni úr holunni upp í útihús á staðnum þar sem vatnið er notað til upphitunar í blásurum og í gólfhitakerfi. Ástand holunnar er gott. (3. mynd)



3. mynd. Borhola MT-02 í Mýrartungu.

MT-03 - Mýrartunga

Borhola MT-03 er um 800 metra norðvestur af Mýrartungu. Hún er á eystri bakka lækjar (Geitarár) sem þar er. Fóðurrörið er velútlítandi og stendur um einn metra upp fyrir jörð. Á holunni er plasthattur. Holan var borðuð með jarðbornum Klaka frá Vatnsborun hf. (4. mynd)



4. mynd. Borhola MT-03 í Mýrartungu.

MT-04 - Mýrartunga

Borhola MT-04 er um 150 metra suður af bænum. Hún er á suður skurðbakka. Holan er nýtt til brynningar fyrir skepnur og frá henni er lögn í þró. Ástand holunnar er gott. (5. mynd)



5. mynd. Borhola MT-04 í Mýrartungu. Mýrartungubærinn er til hægri.

MT-05 - Mýrartunga

Borhola MT-05 er syðst á bæjarhólnum. Í henni er talsvert af 15-20°C heitu vatni. Ástand holunnar er gott. (6. mynd)



6. mynd. Borhola MT-05 í Mýrartungu.

Klukkufell

Í landi Klukkufells er ein borhola (7. mynd).



7. mynd. Staðsetning borholu KF-01 á Klukkufelli.

KF-01 - Klukkufell


Borhola KF-01 er um 230 metra norður af Klukkufellsbænum og suðvestan undir hól sem þar er. Holan er hattlaus og rennur vatn upp úr henni. Að öðru leyti er ástand holunnar bærilegt. (8. mynd)



8. mynd. Borhola KF-01 á Klukkufelli. Klukkufellsbærinn í baksýn.

Hafrafell

Í landi Hafrafells eru þrjár borholur og allar boraðar til að ná upp neysluvatni. Hola HH-03 var ekki skoðuð. Staðsetningar eru sýnd á 9. mynd.



9. mynd. Borholur í landi Hafrafells.

HH-01 - Hafrafell

Borhola HH-01 er ofan vegar að nokkrum sumarbústöðum norðvestan undir Hafrafelli. Í henni mun vera kalt vatn. Holan er hattlaus og opin. Að öðru leyti er hún í sæmilegu standi. Holan er ekki nýtt. Hún var boruð með jarðbornum Klaka frá Vatnsborun hf. (10. mynd)



10. mynd. Borhola HH-01 á Hafrafelli.

HH-02 - Hafrafell

Borhola HH-02 er suðvestan við Hafrafell. Þar er slóði að sumarbústað og er holan ofan við hann. Plaststampi hefir verið hvolft yfir holustútinn og þar yfir skóflu af ámoksturstæki. Í holunni mun vera vatn en hún er ekki nýtt. Hún var boruð með jarðbornum Klaka frá Vatnsborun hf. (11. mynd)



11. mynd. Borhola HH-02 á Hafrafelli.

HH-02 - Hafrafell

Borhola HH-03 var ekki skoðuð.

Borg

Í landi Borgar er ein borhola og er staðsetning hennar sýnd á 12. mynd.



12. mynd. Staðsetning borholu BO-01 á Borg.

BO-01 - Borg


Borhola BO-01 á Borg er um 200 beint suður af bænum og þar upp undir hlíðinni. Holan er nýtt sem neysluvatnshola fyrir bæinn. Frá henni liggur slanga heim í bæ og er vatnið sjálfrennandi. Frágangur er þolanlegur. (13. mynd)



13. mynd. Borhola BO-01 á Borg.

Skáldstaðir

Í landi Skáldstaða er ein borhola og er staðsetning hennar sýnd á 14. mynd.



14. mynd. Borhola SS-01 á Skáldstöðum. Skekkja í kortgrunni veldur því að hola færist vestur yfir lækinn.

SS-01 - Skáldstaðir


Borhola SS-01 er á lækjarbakka austan Berufjarðarár. Hún er við slóða sem liggur milli bæjanna Berufjarðar og Skáldstaða. Erfitt er að finna holuna því hún er umvafin sinu. Á henni er málmhattur og ástand hennar er gott. (15. mynd)



15. mynd. Borhola SS-01 á Skáldstöðum.

Berufjörður

Í landi Berufjarðar eru tvær borholur. Önnur þeirra var skoðuð en hin fannst ekki. Á 16. mynd er sýnd staðsetning holunnar sem skoðuð var.



16. mynd. Borhola í landi Berufjarðar

BJ-01 - Berufjörður

Borhola BJ-01 er í gili um 150 metra beint austur af veitingaskálanum í Bjarkarlundi. Holan er í austurbarmi gilsins. Skriða fellur að holunni en hún er með málmhatti og í góðu ásigkomulagi. (17. mynd)




17. mynd. Borhola BJ-01 í landi Berufjarðar við Bjarkarlund.

BJ-02 - Berufjörður

Borhola BJ-02 fannst ekki.

Skógar

Í landi Skóga er ein borhola. Staðsetning hennar er sýnd á 18. mynd.



18. mynd. Borhola SS-01 í landi Skóga.

SK-01 - Skógar


Borhola SK-01 á Skógum er ofan við sumarbústað nyrst í landareigninni skammt suður af landamerkjum við Kollabúðir. Sumarbústaðurinn er uppi á háum malarhjalla við fjarðarhornið. Borhola er um 60 metrum ofan við húsið. Yfir hana hefur verið byggður skúr og í henni er vatnsdæla og holan notuð til öflunar neysluvatns. (19. mynd)



19. mynd. Borhola SK-01 á Skógum.

Kinnarstaðir

Í landi Kinnarstaða eru þrjár borholur og er staðsetning þeirra sýnd á 20. mynd.



20. mynd. Staðsetningar borholna í landi Kinnarstaða.

KS-01 - Kinnarstaðir

Holan KS-01 er við botninn á dýpsta vognum um 600 metra norðvestur af Kinnarstöðum. Holan er uppi á grasbarði og boruð við berggang. Hún er með málmhatti og í góðu ásigkomulagi. (21. mynd)



21. mynd. Borhola KS-01 á Kinnarstöðum.

KS-02 - Kinnarstaðir

Borhola KS-02 er í túninu um 50 metra norðaustur af bæjarhúsunum á Kinnarstöðum. Plastbrunnur er í kringum holuna. Í henni er dæla og vatnið notað til neyslu. (22. mynd)



22. mynd. Borhola KS-02 á Kinnarstöðum.

KS-03 - Kinnarstaðir


Borhola KS-03 var boruð var árið 2010 með jarðbornum Klaka frá Vatnsborun hf. Hún er á gróðurlitlu holti rétt við þjóðvegin um 260 metra beint austur af Kinnarstöðum. Holan er með málmhatti og lítur vel út. Holan er um 70 metra djúp. (23. mynd)




23. mynd. Borhola KS-03 á Kinnarstöðum.

Hofstaðir

Í landi Hofstaða eru skráðar sex borholur. Staðsetningar eru sýndar á 24. og 25. mynd.



24. mynd. Staðsetning borholna í landi Hofstaða.



25. mynd. Staðsetning borholna í landi Hofstaða.

HO-01 - Hofstaðir

Borhola HO-01 er boruð í klöpp við berggang. Hún er niður í fjöru um 700 metra suðvestur af Hofstöðum. Holan er með málmhatti og í góðu standi. (26. mynd)



26. mynd. Borhola HO-01 á Hofstöðum.

HO-02 - Hofstaðir

Borhola HO-02 er boruð í klöpp rétt ofan við fjöruna um 330 metra norðan við Hofstaðabæinn. Hún er skammt sunnan við mynnið á Krossnesvogi. Holan er opin og óvarin. (27. mynd)



27. mynd. Borhola HO-02 á Hofstöðum.

HO-03 - Hofstaðir

Borhola HO-03 er skammt norðan við foss sem er í læk sem fellur ofan klettabeltið ofan við fjöruna. Hún er um 90 metra utar í fjörunni en hola HO-01. Holan er hattlaus og opin. (28. mynd)



28. mynd. Borhola HO-03 á Hofstöðum.

HO-04 - Hofstaðir

Borhola HO-04 er um 50 metrum utar en hola HO-01 og utan við fossinn. Holan er opin og er að hverfa í skriðu. (29. mynd)



29. mynd. Borhola HO-04 á Hofstöðum.

HO-05 - Hofstaðir

Borhola HO-05 er sunnan í svonefndum Akurhöfða um 230 metrum innar en hola HO-01. Holan er opin og boruð í klöpp efst í fjörunni. (30. mynd)



30. mynd. Borhola HO-05 á Hofstöðum.

HO-06 - Hofstaðir

Borhola HO-06 er á svonefndum Bungutöglum um 2,1 km norðaustan við Hofstaðabæinn. Holan er á klapparholti rétt austan við veginn að bænum. Holan er opin. (31. mynd)



31. mynd. Borhola HO-06 á Hofstöðum. Bjarkarlundur í baksýn.

HO-07 - Hofstaðir

Borhola HO-07 er utan við lækinn sem myndar fossinn milli holna HO-04 og HO-03. Holan er uppi á klettabeltinu sem liggur með fjörunni. Spónaplötuspeldi hefir verið lagt ofan á holutoppinn. (32. mynd)



32. mynd. Borhola HO-07 á Hofstöðum.

Hlíð

Í landi Hlíðar eru skráðar fjórar holur en þrjár fundust. Staðsetningar þeirra eru sýndar á 33. mynd.



33. mynd. Staðsetning borholna í landi Hlíðar. Holur HL-01 og HL-02 eru sunnan á nesinu sem þær eru sýndar á – misræmið skýrist af skekkju í kortgrunni.

HL-01 og HL-02 - Hlíð

Borholur HL-01 og HL-02 eru í svonefndum Skipahöfða um 420 norðvestur af eyðibýlinu Hlíð. Á milli þeirra eru 3-4 metrar og er hola HL-02 austar. Báðar eru holurnar opnar og óvarðar. (34. mynd)



34. mynd. Borholur HL-01 og HL-02 í Hlíð.

HL-03 - Hlíð

Borhola HL-03 er á fjörunni um 100 metra suðvestur af holu HO-04 á Hofsstöðum. Holan er opin en sést vel. (35. mynd)



35. mynd. Borhola HL-03 í Hlíð.

HL-04 - Hlíð

Borhola HL-04 í Hlíð fannst ekki.

Hyrningsstaðir

Í landi Hyrningsstaða er ein borhola og er staðsetning hennar sýnd á 39. mynd.



39. mynd. Staðsetning borholu HY-01 á Hyrningsstöðum.

HY-01 - Hyrningsstaðir


Borholan er um 10 metra frá nýjum stórum sumarbústað um 250 metrum norðan við gamla bæjarstæðið. Holan er nú í brunni og í henni er dæla. Vatnið er nýtt til neyslu. (40. mynd)




40. mynd. Borhola HY-01 á Hyrningsstöðum.

Reykhólar

Á Reykhólum eru átta borholur. Staðsetningar þeirra eru sýndar á 41. og 42. mynd.



41. mynd. Staðsetning borholna á Reykhólum.



42. mynd. Staðsetning borholna á Reykhólum.

RH-01 - Reykhólar

Borhola RH-01 er í grænum bárujárnsskúr við norðaustur hornið á gamla tilraunabúinu. Holan er notuð til húshitunar. (43. mynd)



43. mynd. Borhola RH-01 á Reykhólum.

RH-02 - Reykhólar

Borhola RH-02 er í grænu bárujárns A-húsi nyrst við Suðurbraut. Holan er notuð fyrir Þörungavinnsluna. (44. mynd)



44. mynd. Borhola RH-02 á Reykhólum.

RH-03 - Reykhólar

Borhola RH-03 er skammt frá Grettislaug og er ofan við núverandi sundlaug. Holan er nú horfin er var á balanum við Reykjabraut. (45. mynd)



45. mynd. Borhola RH-03 á Reykhólum. Borholan var nærri þrónni á miðri mynd.

RH-04 - Reykhólar

Borhola RH-04 er austan við veginn sem liggur niður að Þörungavinnslunni en ofan við Hellisbraut. Holan er nýtt fyrir Þörungavinnsluna og er í grænu bárujárnshúsi með A-lagi. (46. mynd)



46. mynd. Borhola RH-04 á Reykhólum.

RH-05 - Reykhólar

Borhola RH-05 er skammt vestur af sundlauginni. Hún er í grænu bárujárnshúsi með A-lagi. Hún mun vera notuð fyrir Þörungavinnsluna. (47. mynd)



47. mynd. Borhola RH-05 á Reykhólum.

RH-06 - Reykhólar

Borhola RH-06 er vestan við veginn niður í Þörungavinnsluna og skammt sunnan við Reykjabraut. Yfir hana hefir verið reist grænt bárujárnshús með A-lagi. Holan er notuð fyrir Þörungavinnsluna. (48. mynd)



48. mynd. Borhola RH-06 á Reykhólum.

RH-07 - Reykhólar

RH-07 er í grænum bárujárnsskúr skammt norðaustur af tilraunstöðinni. Hún er nokkra metra norðan við holu RH-01. Holan er notuð til húshitunar í þorpinu. (49. mynd)



49. mynd. Borhola RH-07 á Reykhólum.

RH-08 - Reykhólar


Borhola RH-08 er um 90 metra beint suður af Máfavatni sem nú nefnast Reykhólar. Yfir holunni er gamalt boddý af vörubíl. Holan mun nýtt til húshitunar. (50. mynd)



50 . mynd. Borhola RH-08 á Reykhólum.

Grund

Í landi Grundar er ein borhola. Staðsetning hennar er sýnd á 51. mynd.



51. mynd. Staðsetning borholu GR-01 á Grund.

GR-01 - Grund


Borhola GR-01 á Grund er um 90 metra vestur af bæjarhúsunum. Hún er þar í óslægju á lágum bala og er erfitt að sjá hana. Hún er með málmhatti og í góðu standi. (52. mynd)



52. mynd. Borhola GR-01 á Grund.

Höllustaðir

Í landi Höllustaða eru tvær borholur. Staðsetning er sýnd á 53. mynd.



53. mynd. Staðsetning borholna í landi Höllustaða.

HS-01 og HS-02 - Höllustaðir

Borholur HS-01 og HS-02 eru um 380 metrum austan við Höllustaði og um 100 metrum ofan við þjóðveginn. HS-01 er í röri austan við grænan bárujárnsskúr og í skúrnum sjálfum er hola HS-02. Það munu vera um 1-2 metrar milli holnanna. Hola HS-02 er nýtt til húshitunar á Höllustöðum. (54. og 55. mynd)



54 . mynd. Borhola HS-01 á Höllustöðum.



55 . mynd. Borhola HS-01 og HS-02 á Höllustöðum.

TFH-01 - Kollabúðir

Uppi á Þorskafjarðarheiði er ein borhola sem skráð hefir verið í Strandasýslu en hún er alveg á vatnaskilum. Það er undir hælinn lagt hvort hún telst til Austur-Barðastrandarsýslu eða ekki. Á korti á 56. mynd er sýnd staðsetning hennar. Ef hún er í Austur-Barðastrandarsýslu þá er hún í landi Kollabúða. Ef hún er aftur á móti í Strandasýslu þá er hún í landi Aratungu.

Rörið sem liggur upp úr henni er ryðgað í sundur og er mjög erfitt að finna hana. (57. mynd)



56. mynd. Staðsetning borholu TFH-01 á Þorskafjarðarheiði.



57 . mynd. Borhola TFH-01 á Þorskafjarðarheiði.